

Franklin Diversified Conservative Fund

Flokkur A (Ydis) EUR • ISIN LU1147470253 • A Undirsjóður Franklin Templeton Investment Funds
Stjórnunarfélagið er Franklin Templeton International Services S.à r.l.

Markmið og fjárfestingarstefna

Franklin Diversified Conservative Fund („Sjóðurinn“) sem er með virka fjárfestingastefnu hefur það að markmiði að afla tekna og auka verðgildi fjárfestinga sinna til lengri tíma með því að stefna á meðalávöxtun á ári sem er 2% (án gjalda) umfram Euribor-vexti (EURIBOR), yfir þriggja ára veltutímabil. Sjóðurinn stefnir á að ná markmiði sínu með sveiflum (flökki) á verði hlutabréfa sjóðsins sem nema 3% til 5% á ársgrundvelli. Það er engin trygging fyrir því að sjóðurinn nái ávöxtunarmarkmiði sínu, né að það haldist innan ætlaðra sveiflumarka.

Sjóðurinn getur fjárfest allt að 40% í hlutabréfum og hlutabréfatengdum verðbréfum frá öllum löndum eða tegundum útgefenda, beint og óbeint, til dæmis í gegnum afleiður og/eða verðbréfasjóði. Að auki getur sjóðurinn fjárfest beint í skuldabréfum frá öllum löndum eða tegundum útgefenda (þar á meðal í lægri flokkum eða utan fjárfestingaflokks, skuldaverðbréfum í vanskilum eða greiðsluvanda, breytanlegum verðbréfum og/eða allt að 5% af eignum sjóðsins í skilyrtum breytanlegum verðbréfum) eða óbeint gegnum meðal annars afleiður og verðbréfasjóði.

Sjóðurinn gæti fjárfest í minna mæli í samsettum fjármálaafurðum og bankaskuldabréfum og óbeint (gegnum sameignarsjóði, sjóði í kauphöll, afleiður eða samsettar fjármálaafurðir) allt að 10% í öðrum eignarflokkum á borð við vörur, góðmálma, fasteignir og innviði.

Fjárfestingar í verðbréfasjóðum takmarkast við 10% af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn getur notað afleiður fyrir áhættuvarnir, skilvirka stjórnun eignasafns og/eða í fjárfestingarskyni.

Sjóðurinn kann að greiða út arð bruttó af kostnaði. Þó að þetta geti gert kleift að greiða út meiri arð getur þetta einnig lækkað höfuðstólinn.

The benchmark of the Viðmið sjóðsins er Custom EURIBOR 3-Month + 2% Index. Viðmiðið hefur verið valið vegna þess að ávöxtunarmarkmið sjóðsins er að fara yfir ávöxtun viðmiðunarinnar. Þrátt fyrir að fjárfestingarstjórinn vísi til viðmiðunarinnar í árangursmælingum er sjóðnum ekki skylt að fylgja neinum af viðmiðunarþáttunum og hann getur í raun og veru fjárfest allt að 100% af hreinni eign utan viðmiðunarinnar.

Þú getur beðið um sölu á þínum hlutabréfum á hvaða vinnudegi í Lúxemborg sem er.

Fyrir þann dreifingarflokk bréfa sem sýndur er í þessu skjali, er arðgreiðslum dreift til hluthafa.

Fyrir frekari upplýsingar um markmið og fjárfestingarstefnu sjóðsins, vinsamlega skoðuðu kaflann „Upplýsingar um sjóð, markmið og fjárfestingarstefnur“ í núverandi kynningarbæklingi Franklin Templeton Investment Funds.


Hugtök til að skilja

Afleiður: Fjármálagerningar þar sem einkenni og gildi eru háð frammistöðu eins eða fleiri undirliggjandi eigna, vanalega verðbréf, vísitölur, gjaldmiðlar eða vextir.

Áhættuvörn: Aðferð til að jafna að öllu leyti eða að hluta ákveðnar áhættur sem gætu orðið vegna sveifla í verði hlutabréfa, gengi gjaldmiðla eða vaxtahlutfalli.

Löng staða, stutt staða: Löng staða hagnast þegar verð fjárfestingar hækkar; stutt staða hagnast þegar verð lækkar.

Áhættu- og ávinningsmat



Hvað táknar þessi vísir og hver eru mörk hans?

Þessi vísir er hannaður til að veita þér mælikvarða á verðbreytingar í þessum hlutabréfaflokki miðað við hegðun gegnum söguna.

Söguleg gögn gætu ekki verið áreiðanleg vísibending um framtíðaráhættumat sjóðsins. Ekki er hægt að tryggja að flokkurinn sem er sýndur haldist óbreyttur og hann getur breyst með tímanum.

Lægsti flokkurinn þýðir ekki engin áhætta.

Þar sem engin hlutflokkur hefur nægileg söguleg gögn tiltæk, hefur þess í stað verið notast við hermigögn byggð á safni líkansins eða afkastaprófi.

Af hverju er sjóðurinn í þessum ákveðna flokki?

Sjóðurinn fjárfestir beint eða óbeint (gegnum fjármálaafleiðugerninga, samsettar fjármálaafurðir eða sameiginlegar hagsmunaaætlanir) í eignum eða

verðbréfum með fastri innkomu, reiðufé og sambærilegu, og (aðeins óbeint) í öðrum fjárfestingum (þar á meðal vörum eða fasteignum) með það að markmiði að bjóða upp á jafnt hlutfall milli eigna- og skuldaverðbréfa til langtíma. Slik verðbréf og fjármálagerningar hafa í gegnum söguna orðið fyrir verðbreytingum vegna þátta á borð við óstöðugleika á almennum hlutabréfamarkaði, skyndilegar breytingar á vaxtahlutfalli, breytinga á fjármálahorfum, eða mati á lánstrausti útgefenda verðbréfanna, eða sveifla á vöruverði eða fasteignaverði. Því getur frammistaða sjóðsins sveiflast höflega með tímanum.

Áhættur sem efnislega skipta máli en eru ekki nægilega metnar af vísir:

Kreditáhætta: hætta er á tapi vegna vanskila sem gætu orðið ef útgefanda tekst ekki að greiða helstu gjöld og vaxtagjöld á gjalddaga. Áhættan er meiri ef sjóðurinn á lágt metin, ófjárfestanleg verðbréf.

Gjaldmiðilsáhætta: hætta er á tapi vegna hreyfinga á gengi eða vegna gengishafta.

Afleiðuáhætta: hætta á tapi í gerningi þar sem lítil breyting á verðgildi undirliggjandi fjárfestingar gæti haft meiri áhrif á gildi slíks gernings. Afleiður geta leitt af sér aukna áhættu í greiðslufæði, lánstrausti og hjá mótaðilum.

Fyrir ítarlega umræðu um allar mögulegar áhættur þessa sjóðs, vinsamlega skoðuðu „Risk Considerations“ hlutann af kynningarskjali Franklin Templeton fjárfestingasjóðanna.

Gjöld

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til að standa undir kostnaði við rekstur sjóðsins, þar á meðal kostnaði við markaðssetningu og dreifingu. Þessar greiðslur minnka hugsanlega ávöxtun þínar fjárfestingar.

Stök gjöld sem eru innheimt fyrir eða eftir að þú fjárfestir

Skráningargjald	5,00%
Úrsagnargjald	Á ekki við
<i>Þetta er hámarkið sem gæti verið tekið af þínum peningum áður en fjárfest er með þeim.</i>	

Gjöld tekin úr sjóðnum yfir eitt ár

Yfirstandandi gjöld	1,45%
---------------------	-------

Gjöld tekin úr sjóðnum við ákveðin sérstök skilyrði


Frammistöðupóknun	Á ekki við
-------------------	------------

Birt skráningargjöld eru hámarksupphæðir, þú gætir greitt minna í sumum tilfellum. Vinsamlega hafðu samband við þinn fjármálaráðgjafa fyrir frekari upplýsingar.

Yfirstandandi gjöld eru byggð á kostnaði við árslok 31. desember 2020. Þessi tala gæti breyst frá ári til árs.

Fyrir ítarupplýsingar um gjöld, vinsamlega skoðaðu kaflana „Hlutabréfaflokkar“ og/eða „Frammistöðupóknunir“ (eins og við á) auk viðauka E í núverandi kynningarskjali Franklin Templeton Investment Funds.

Fyrri frammistaða



■ Franklin Diversified Conservative Fund Flokkur A (Ydis) EUR
■ Custom EURIBOR 3-Month + 2% Index

(Boðið er upp á þetta viðmið eingöngu til upplýsinga og ábendinga.)

Fyrri frammistaða fram að stofnun hlutabréfaflokksins hefur verið hermuð með því að taka fyrir frammistöðu svipaðs UCITS sjóðs hvers eignir hafa verið að fullu sameinaðar inn í þennan sjóð á grunninum einn fyrir einn, fyrir hvern viðkomandi hlutabréfaflokk.

- Fyrri frammistaða er ekki vísir á frammistöðu í framtíðinni.
- Fyrri frammistaða sem sýnd er hér inniheldur öll yfirstandandi gjöld en ekki skráningargjaldið.
- Fyrri frammistaða er reiknuð í gjaldmiðli núverandi hlutabréfaflokks.
- Sjóðurinn var stofnaður þann 2015.
- Frammistaða vörunnar rekur ekki vísitöluna.

Hagnýtar upplýsingar

- Forráðamaður Franklin Templeton Investment Funds er J.P. Morgan Bank í Lúxemborg S.A.
- Afrit af nýjasta kynningarbæklingnum og síðustu árs- og hálfárskýrslur Franklin Templeton Investment Funds er hægt að nálgast á tungumáli þessa skjals, á vefsíðunni www.ftidocuments.com eða hægt að fá ókeypis frá Franklin Templeton International Services S.à r.l., 8A, rue Albert Borschette, L-1246 Lúxemborg eða hjá þínum fjármálaráðgjafa.
- Nýjustu verð og aðrar upplýsingar um sjóðinn (auk annarra hlutabréfaflokka sjóðsins eru til staðar hjá Franklin Templeton International Services S.à r.l., 8A, rue Albert Borschette, L-1246 Lúxemborg eða www.franklintempleton.lu).
- Vinsamlega athugaðu að skattlagningin sem gildir í Stórhertogadæminu í Lúxemborg getur haft áhrif á þína skattastöðu. Vinsamlega hafðu samband við fjármála- eða skattaráðgjafa þinn áður en þú ákveður að fjárfesta.
- Franklin Templeton International Services S.à r.l. getur einungis borið ábyrgð

á grundvelli hverskyns yfirlýsinga í þessu skjali sem eru villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingarinnar á sjóðnum.

- Núverandi sjóður er undirsjóður Franklin Templeton Investment Funds. Kynningarskjalið og fjárhagsskýrslan vísa til allra undirbréfa Franklin Templeton Investment Funds. Öll undirfélög Franklin Templeton fjárfestingarsjóða hafa aðgreindar eignir og skuldir. Þessvegna er hvert undirsvæði rekið sjálfstætt frá hvert öðru.
- Þú getur skipt yfir í hluti í öðrum undirsjóði Franklin Templeton Investment Funds eins og lýst er í kynningarskjali.
- Upplýsingar um uppfærða þóknunarstefnu, sem felur í sér en takmarkast ekki við, lýsingu á því hvernig endurgreiðsla og ágóði eru reiknuð, auðkenni þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á að greiða þóknun og ávinning, þ.m.t. samsetningu þóknunarnefndarinnar, eru tiltækar á www.franklintempleton.lu og hægt er að nálgast útprentað eintak án endurgjalds.

Þessi sjóður er lögilltur í stórhertogadæmi Lúxemborgar og er stjórnad af Commission de Surveillance du Secteur Financier. Franklin Templeton International Services S.à r.l. er með réttindi í stórhertogadæmi Lúxemborgar og er stjórnad af Commission de Surveillance du Secteur Financier. Þessar lykilmálfærsluupplýsingar eru réttar frá og með 24.01.2021.